

Miðvikudaginn 21. september 1988.

Nr. 198/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Davíð Þór Sigurbjartssyni

Kærumál. Ökuleyfissvipting. Valdframsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1988 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar auk réttargæsluþóknunar í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er nægilega lýst í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga voru efni til að svipta varnaraðila ökuleyfi til bráðabirgða.

Ökuleyfissvipting til bráðabirgða er lögregluadgerð, sem bera má undir dómstóla, svo sem fyrir er mælt í 103. gr. umferðarlaga. Eigi verður talið að í henni felist að lögreglustjóra beri sjálfum að framkvæma bráðabirgðaökuleyfissviptingu og megi hann ekki fela tilteknum starfsmönnum sínum framkvæmd hennar, enda fer hún fram á embættisábyrgð hans og getur hann endurskoðað hana. Í lögum nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. eru ekki sett hæfisskilyrði um fulltrúa lögreglustjóra gagnstætt því, sem gildir um fulltrúa við dómaraembætti. Hvorki lög um lögreglumenn nr. 56/1972 né lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála hafa að geyma tæmandi upptalningu á störfum lögreglumanna. Standa þau því eigi samkvæmt orðum sínum í vegi þeirri ráðstöfun lögreglustjórans í Reykjavík að fela aðalvarðstjór-um lögreglunnar framkvæmd sviptingar ökuleyfis til bráðabirgða. Á það má líta í þessu sambandi að eftir lögum um meðferð opinberra mála eru lögreglumönnum falin ýmis vandasöm störf, svo sem ákvarðanir um handtökur manna og að taka af þeim til bráðabirgða atvinnuskirteini og stöðva farartæki, sbr. 36. gr. laganna.

Þegar framanritaðs er gætt telst heimil sú ráðstöfun lögreglustjóra að fela yfirmönnum lögreglu, svo sem aðalvarðstjórum, framkvæmd ökuleyfissviptingar til bráðabirgða.

Málsaðilar hafa lýst yfir því fyrir Hæstarétti að eigi hafi komist á dómsátt þeirra á milli út af sakarefninu.

Hin kærða bráðabirgðaökuleyfissvipting var gerð 17. maí sl. og felld úr gildi 31. s.m. Ríkissaksóknari gaf út ákæru í málinu 6. júlí sl. þar sem þess er m.a. krafist, að varnaraðili verði sviptur rétti til að aka vélknúnu ökutæki. Að svo komnu þykja ekki efni til að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Réttargæslubókunin í héraði verður ekki dæmd.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað svo sem greininir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður, 8.000,00 krónur, greiðist varnaraðila, Davíð Þór Sigurbjartssyni, úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 31. maí 1988.

Kærði í máli þessu kom fyrir dóminn þann 20. maí sl. og krafðist þess að bráðabirgðasvipting ökuréttinda hans yrði felld úr gildi sem ákveðin var hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík þann 17. maí sl.

Kröfu um niðurfellingu byggir kærði á því að lögreglumaður hafi hvorki vald né lagaheimild til að ákveða og framkvæma ökuleyfissviptingu samkv. 103. gr. laga nr. 50/1987. Samkvæmt lagaákvæðinu hafi lögreglustjóri þessa heimild en valdsvið lögreglumanna væri afmarkað í lögum um lögreglumenn, lögum um meðferð opinberra mála og í sérrefsilögum. Framsal lögreglustjóra á slíku ákvörðunarvaldi fái ekki staðist nema samkvæmt sérstakri lagaheimild en hún sé ekki fyrir hendi í þessu tilviki.

Ennfremur er krafa kærða byggð á því að vafi leiki á að hann hafi unnið til ökuleyfissviptingar miðað við þau sönnunargögn sem hér liggi til grundvallar.

Í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík dags. 26. maí sl., dskj. nr. 5, kemur fram að um síðustu áramót hafi hann tekið upp það fyrirkomulag „að fela aðalvarðstjórum að taka ákvörðun um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða ef nauðsynlegt reyndist utan starfstíma lögræðinganna“ (sem starfa við embætti lögreglustjórans). Ástæður fyrir þessu eru rökstuddar á sama dskj.

Varðandi heimild lögreglustjóra til að framselja ákvörðunarvald um sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða bendir lögreglustjórinn á að í 103. gr. núgildandi umferðarlaga segi að lögreglustjóri meti hvort skilyrði séu til ökuleyfisviptingar og ef svo sé skuli ökumaður sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Hins vegar hafi aldrei verið litið svo á að lögreglustjóri annaðist þessa framkvæmd sjálfur heldur hafi hann falið hana einhverjum starfsmanna sinna. Samkvæmt venju hafi það einkum verið löglærðir fulltrúar sem hafi haft þetta verkefni með höndum, hins vegar væru engin ákvæði í lögum sem hindri að öðrum sé falin ákvörðun um ökuleyfisviptingu og birtingu hennar. Ákvörðunarvald væri bundið við ædstu stjórnendur en það hafi verið falið aðalvarðstjórum og lögreglufulltrúum.

Niðurstöður.

Ákvörðun um sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða er íþyngjandi stjórnarathöfn sem ekki verður beitt af öðrum en þeim sem hafa slíka heimild samkvæmt lögum. Framsal lögreglustjóra á þessu ákvörðunarvaldi til aðalvarðstjóra styðst hvorki við lagaheimild né venju en eins og fram kemur í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík á dskj. nr. 5 hefur venjan verið sú að löglærðir fulltrúar hafa haft þetta verkefni með höndum. Sama venja hefur einnig tíðkast við embætti bæjarfógeta og sýslumanna eftir því sem best verður séð.

Með vísan til þessa ber að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Davíðs Þ. Sigurbjartssonar til bráðabirgða þann 17. maí sl.

Réttargæsluþóknun verður ekki ákveðin í máli þessu enda hefur lögmaður kærða tekið að sér réttargæslustörf fyrir hann án skipunar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuréttinda Davíðs Þ. Sigurbjartssonar til bráðabirgða þann 17. maí sl. er felld úr gildi.